

Athugasemdir frá Bústólpa ehf. bárust með tölvupósti 16. Janúar 2013

Upplýsingar um Bústólpa sem fram koma í skýrslunni eru ekki réttar, sjá:

1) Tafla 7

Engin losun er í frárennsli frá verksmiðju Bústólpa þannig að “Viðunandi hreinsun = Nei” er ekki rétt. Þar ætti klárlega að standa “Já” eða “Á ekki við”. Það kemur hins vegar réttilega fram í rökstuðningi fyrir álagsmati.

HNE óskaði við skoðun á síðasta ári eftir því að komið yrði upp “lekabyttum” undir brúsa með lút og sýru sem notuð er við hreinsitæki á gufukatli. Við þessu var orðið til að tryggja að slík efni gætu ekki lekið í niðurfall ef slys yrðu, eða umbúðir gæfu sig. Þessum endurbótum var lokið á síðasta ári og ætti því ekki að koma fram í þessari skýrslu.

2) Einnig þarf að skoða texta á síðu 24, en þar segir að “.. er óvissa um álag í viðtaka vegna losunar á sýru og basa um sér útrás ...” Hér er ekki um neina losun að ræða og það sem nefnt var hér að ofan var einungis gert til að fyrirbyggja að lútur og sýra gætu borist í niðurfall ef slys yrði. Þetta á því alls ekki við hér og ætti að falla brott.

Bið ykkur að koma þessu á framfæri.

Bestu kveðjur

Hólmgeir Karlsson,
framkvæmdastjóri
Bústólpi ehf.